

## A 1819/presidiet

**Flytjandi** Flokkahópur hægrimanna  
**Afgreiðsla** Forsætisnefndin

**Þingmannatillaga**  
**um sameiginlega norræna stefnu í öryggismálum varðandi fimmtu kynslóðar farsímanet**

**Tillaga**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

*að norrænu löndin taki upp samræmda stefnu með tilliti til áhættuþátta tengdum dreifingaraðilum 5G-búnaðar*

*að norrænu löndin samhæfi aðgerðir og afstöðu sína í alþjóðlegum samningum vegna öryggissjónarmiða tengdum útfærslu 5G-netsins*

*að norrænu löndin leitist við að halda hvert öðru upplýstu um þróun 5G-mála innan ESB og NATO*

*að norrænu löndin skapi forsendur til að meta ásamt öðru öryggisatriði við innkaup eða útboð á viðkvæmum innviðum*

**Bakgrunnur**

Ekkert annað svæði heims er jafnlangt komið í stafvæðingu og Norðurlönd. Þetta hefur tekist vegna þess að Norðurlönd aðhylltust snemma uppbyggingu á traustum stafrænum innviðum.

Hinn 18. maí 2018 var næsta skref tekið í þessari uppbyggingu. Forsætisráðherrar norrænu landanna undirrituðu þá sameiginlega viljayfirlýsingu um að Norðurlönd yrðu fyrsta og samvirkasta 5G-svæði heims. Vegna stóráukinnar gagnaflutningsgetu 5G-tækninnar mun hún verða grundvöllur fjórðu iðnbyltingarinnar sem einkennist af sjálfvirkni, gervigreind og vélmennum. Uppbygging 5G-netsins mun ekki helst gagnast einkaaðilum við að hlaða upp efni úr farsímum heldur enn frekar sjálfkeyrandi bifreiðum og sjálfvirkum verksmiðjum svo að dæmi séu nefnd.

En 5G mun jafnframt verða notað í þágu samfélagslega mikilvægrar starfsemi og hugbúnaðar í hernaði. Talsverðar umræður hafa því orðið um þróun 5G-tækninnar og gripið hefur verið til ákveðinna aðgerða fyrst og fremst á vettvangi ESB en einnig í NATO.



Vegna þess hve háð við verðum 5G hafa komið fram réttmætar kröfur um greiningu á veikleikum sem stafa frá dreifingaraðilum 5G-búnaðar. Um er að ræða fjögur fyrirtæki sem geta annast slíka dreifingu, þar af tvö á Norðurlöndum. Fyrst og fremst hefur verið sett spurningamerki við þátttöku kínverska fyrirtækisins Huawei á 5G-markaði í ljósi 7. greinar kínversku öryggislaganna sem skyldar kínversk fyrirtæki til að starfa með kínversku leynipjónustunni. Auk þess hefur Kína, að gefnu tilefni, verið sakað um að stunda umfangsmiklar iðnaðarnjósir í öðrum löndum. Draga má í efa að heppilegt sé að tengjast dreifingaraðila frá einræðisríki nánnum böndum um tækni sem samfélagið verður algerlega háð og þarf jafnmikið á að halda og hér um ræðir.

Norðurlönd skortir sameiginlega stefnu með tilliti til áhættu um öryggi sem stafa frá dreifingaraðilum 5G-búnaðar. Í því felst verulegur öryggisbrestur í ljósi þess mikla metnaðar sem Norðurlönd hafa að leiðarljósi á þessu sviði. Sömuleiðis er það í andstöðu við metnaðinn um öflugra samstarf á sviði öryggis- og varnarmála og samstarfið um að efla netöryggið.

Evrópusambandsríkjunum hefur heldur ekki enn tekist að móta sameiginlega afstöðu í þessu máli samhliða til að mynda gagnkvæmri upplýsingamiðlun um eftirlit með fjárfestingum í viðkvæmum innviðum. Af því hlýst ósamræmi því að mismunandi lönd hafa mismunandi sjónarmið um öryggisáhættu sem dreifingaraðilar 5G-búnaðar valda. Þegar öllu er á botninn hvolft verða löndin mun berskjaldaðri fyrir utanaðkomandi þrýstingi en ef þau hefðu sameiginlega stefnu.

Málefni 5G-tækninnar tengjast einnig víðtækara viðfangsefni sem er skortur á löggjöf í nokkrum norrænu landanna til að koma í veg fyrir fjárfestingar útlendinga í mikilvægum innviðum. Þar með skortir heimildir til að byggja á sjónarmiðum um öryggi ríkis þegar 5G-netið verður boðið út árin 2019 og 2020. Eins og háttar lögum getur ákvörðun því eingöngu verið byggð á sjónarmiðum um verð og gæði í mörgum norrænum löndum sem er óviðunandi með hliðsjón af þeim afleiðingum fyrir öryggi ríkjanna sem af uppbyggingu 5G-netsins getur hlotist.

Helsingfors, 2. september 2019

*Anna-Kaisa Ilkonen (saml)*  
*Bente Stein Mathisen (H)*  
*Brigitte Klinskov Jerkel (KF)*  
*Cecilie Tenfjord-Toftby (M)*  
*Hans Wallmark (M)*  
*Juhana Vartiainen (saml)*  
*Maria Stockhaus (M)*  
*Marianne Synnes (H)*

*Michael Tetzschner (H)*  
*Nils Aage Jegstad (H)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Pål Jonson (M)*  
*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*  
*Vilhjálmur Árnason (Sj.)*  
*Wille Rydman (saml)*